Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **DoctorWax Liquid Chrome Polish**

Vörunúmer: **DW8317s** **296 ml**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Bón fyrir krómhúðaða fleti.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Hi-Gear Products, Inc.
14 Brent Drive, Hudson
MA 01749, USA
00-1-978-562-8522
info@hi-gear-usa.com
www.hi-gear-usa.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnskað.1
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	SEM-EV 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P260	Andið ekki að ykkur lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P314	Leitið læknis ef lasleika verður vart.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: Engar þekktar.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, létt			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**30 - 60**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	265-149-8	**H-setningar**	-
CAS	64742-47-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v. ásvelg.1 - **H304**			

Fínkristallað kísildíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**30 - 60**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	603-514-9	**H-setningar**	-
CAS	1317-95-9	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Augnert.2 - **H319,** SEM-EV 1 - **H372**			

4-Nónýlfenól, greinótt, etoxýlerað			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	932-098-4	**H-setningar**	-
CAS	127087-87-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H302**, Húðert.2 **H315**, Augnskað.1 - **H318**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef vanlíðan er viðvarandi. Beitið súrefnisbúnaði ef öndun er óregluleg eða stöðvast, notið ekki blástursaðferð.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni (20 mín). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis.

Snerting við augu Skolið með miklu vatni í 20 mínútur. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis sé vanlíðan viðvarandi.

Inntaka Gefið vatn að drekka. Framkallið ekki upköst. Leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að efnið berist ekki í lungu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Veldur alvarlegri augnertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, sandur, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið slökkviefni sem hæfir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar og ertandi gufur, t.d. kolmónoxíð, koldíoxíð, málmoxíð og hálfbrunnin vetniskolefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni
frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Rýmið mengað svæði. Gangið ekki í losuðu efni. Notið persónuhlífar (öndunarbúnað).

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi sé það unnt án áhættu.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni t.d sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til
gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Minni háttar losun má hreinsa upp með klútum, eða handverkfærum.
Vinnið vindmegin við mengað svæði.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist úðamyndun og beina snertingu við vöruna.
Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Endurnýtið ekki umbúðir.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði
áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum
á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Hlífið við beinu sólarljósi og háu hitastigi.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, létt	213	1200			WEL
Fínkristallað kísildíoxíð		0,1			WEL (ryk)

WEL= Work Exposure Limit - Hámarksstyrkur á vinnustað.

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar
aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir
viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk
gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.
Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er
neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að
augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN166).
Húð - hendur	Notið hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN 374). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.
Öndunarfæri	Notið öndunarbúnað með viðeigandi síu ef styrkur gufu/úða eða áhættumat gefur tilefni til.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Litur:	Hvítur	
Lykt:	Væg leysiefnalykt	
pH:	6-8	(óþynnt)
Suðumark:	100°C	
Blossamark:	>93°C	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar, oxarar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar og ertandi gufur, t.d. kolmónoxíð, koldíoxíð, málmoxíð og hálfbrunnin vetniskolefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif	Innöndun, ísog um húð, snerting við augu og inntaka.
Húðerting/æting	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Alvarlegur augnskaði	Veldur alvarlegri augnertingu.
Næming	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun æxlunarfæra (CMR):	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (endurtekin)	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
Ásvelgingarhætta	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, létt					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>28	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, truflanir á hjarta og æðakerfi, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Losið ekki óþynnta vöru eða mikið magn í jarðveg, grunnvatn eða niðurföll.

Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, létt					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	2,5 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	1,4 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	1,3 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar niður			
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Dreifanleiki í jarðvegi	Upplýsingar ekki fyrirliggjandi				

12.2 Þrávirkni og niðurbrot Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.5 PBT/vPvB Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 15.01.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***HI-GEAR PRODUCTS INC***
SAFETY DATA SHEET
LIQUID CHROME POLISH

Endurskoðað: *15.08.2015 Útgáfa 1.0*